

GJALDSKRÁ

vegna skoðunar leiguíbúða.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 20. júní 1995 eftirfarandi gjaldskrá vegna skoðunar leiguíbúða, sbr. 69. gr. laga nr. 36/1994:

Útseld vinna tæknimanns m/vsk 1 1/2 klst. á kr. 3.750	kr. 5.175
Boðun annars aðila með símskeyti	kr. 600
Afgreiðsla beiðna, eyðublöð, símaþjónusta	kr. 725
Akstur	kr. 500
	<u>Samtals kr. 7.000</u>

Borgarstjórnin í Reykjavík, 20. júlí 1995.

Hjörleifur B. Kvaran.

e.u.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og styrktarsjóð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og styrktarsjóður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, stofnaður að tilhlutan stjórnar sparisjóðsins og staðfest af aðalfundi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10.000.000 -tíu milljónir króna-. Þar af skal bundið stofnfé vera kr. 1 milljón með hæstu vöxtum og verðtryggingu Bakhjarlsreikninga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar á íslenskri lista- og menningarstarfsemi í Reykjavík og nágrenni, svo og að styðja þar heilbrigðis- og líknarmál.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til tveggja ára í senn og skulu þeir tilnefndir af stjórn sparisjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.